



Til dómsmálaráðuneytis og Dómstólasýslunnar

Reykjavík 18. janúar 2021

Efni: Ofbeldi gegn fötluðum börnum

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur sem og aðrir alþjóðasamningar sem varða réttindi og velferð barna, en þar ber helst að nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Alþjóðlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að fötluð börn og ungmenni eru í mun meiri hættu á því að verða fyrir ofbeldi, í samanburði við önnur börn, jafnvel fimmfaldri áhættu. Engar vísbendingar eru um að þessu sé öðruvísi farið hér á landi en ofbeldi gegn fötluðum börnum er ein birtingarmynd neikvæðra og úreltra hugmynda og viðhorfa gagnvart fötluðu fólki sem hefur leitt til mismununar og jaðarsetningar þeirra.

Áðurnefndar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að þó svo að fötluð börn séu í aukinni áhættu á því að verða fyrir ofbeldi er aðeins lítill hluti slíkra brota sem rata inn á borð lögreglu og ákærvalds og fari mál fyrir dómstóla eru minni líkur á sakfellingu en í öðrum sambærilegum málum. Að uppræta ofbeldi gegn fötluðum börnum er því brýnt og ærið verkefni sem allar stofnanir samfélagsins þurfa að koma að, ekki síst dómstólar. Með hliðsjón af framangreindu hafa umboðsmaður barna, samtökin Proskahjálpi og Tabú sett fram þær leiðbeiningar sem fylgja hér að neðan, til áréttingar á þeim alþjóðaskuldbindingum á sviði mannréttinda sem Ísland hefur undirgengist, og sem varða rétt fatlaðra barna til öruggra og þroskavænlegra lífsskilyrða og verndar gegn hvers kyns ofbeldi.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Þegar túlka og beita á ákvæðum Barnasáttmálans þarf að hafa til hliðsjónar fjórar grundvallarreglur hans. Eina þessar meginreglur er að finna í 2. gr. sáttmálans, sem kveður á um jafnræði og bann við mismunun en þar kemur fram að öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til stöðu þeirra m.a. vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna þeirra. Réttindi barna samkvæmt 2. gr. sáttmálans ber að tryggja á öllum sviðum samfélagsins, í allri löggjöf og ákvarðanatöku sem varðar börn og við meðferð mála hjá dómstólum.

Aðra meginreglu Barnasáttmálans er að finna í 3. gr. hans, en þar segir að allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er þeim fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Önnur meginregla Barnasáttmálans sem er að finna í 6. gr. kveður á um að tryggja beri börnum ákjósanleg uppeidisskilyrði til að þau nái líkamlegum, sálrænum, andlegum og félagslegum þroska. Til þess að tryggja þroskavænleg uppeidisskilyrði er nauðsynlegt að vernda barn gegn hvers kyns ofbeldi.

Í 23. gr. Barnasáttmálans er jafnframt fjallað sérstaklega um réttindi fatlaðra barna. Þar segir að aðildarríkjum ber að viðurkenna að fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.

Samkvæmt 4. gr. Barnasáttmálans skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í sáttmálanum komi til framkvæmda.

Í Barnasáttmálanum er sérstaklega fjallað um rétt barna til verndar frá öllu ofbeldi, nánar tiltekið í 19. grein, en þar kemur fram að aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi eða illri meðferð af hálfu nokkurs sem hefur barn í umsjá sinni. Kemur fram í sömu grein að aðildarríkjum sáttmálans beri skylda til að taka til meðferðar mál þar sem barn hefur sætt ofbeldi og ef við á tryggja að mál fái meðferð fyrir dómstólum.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans og veitir jafnframt leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd hans. Það gerir nefndin m.a. með útgáfu svokallaðra almennra athugasemda sem fjalla ýmist um tiltekin réttindi barna eða um réttindi sem varða sérstaklega tiltekna hópa barna. Árið 2006 gaf nefndin út almenna athugasemd nr. 9, um réttindi fatlaðra barna. Þar áréttar nefndin að fötluð börn séu í aukinni hættu á því að verða fyrir ofbeldi hvort sem er á heimilum sínum, í skólum eða öðrum stofnunum. Í athugasemdinni áréttar nefndin að aðildarríkjum beri skylda til þess að mennta og fræða viðeigandi fagfólk um réttindi fatlaðra barna eins og t.d. lögfræðinga og dómara. Þá kemur þar einnig fram að ástæða þess að fötlun sé tilgreind meðal mismununarástæðna í jafnræðisreglu Barnasáttmálans (2. gr.)

sé sú að fötluð börn þurfi oft að sæta mismunun, jafnvel fjölþættri mismunun, sem leiði til jaðarsetningar og útilokunar og ógni heilsu þeirra, þroska og lífi. Þá áréttar nefndin jafnframt að sú staðreynd að fötluð börn séu mun líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi en önnur börn, leggi sérstakar skyldur á herðar aðildarríkja barnasáttmálans. Þannig beri aðildarríkjum að grípa til allra viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir hvers kyns ofbeldi gegn fötluðum börnum. Tryggja ber að starfsfólk sem starfar með fötluðum börnum búi yfir viðeigandi menntun og sérhæfingu, að það starf fari fram samkvæmt skilgreindum viðmiðum og að reglulegt eftirlit sé haft með störfum þeirra. Þá áréttar barnaréttarnefndin jafnframt mikilvægi þess að gerendur ofbeldis gegn fötluðum börnum séu látnir sæta ábyrgð.

Í almennri athugasemd barnaréttarnefndarinnar nr. 13 frá 2011, um rétt barna til verndar frá öllu ofbeldi, segir að aðildarríkjum sáttmálans beri að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja öllum börnum vernd gegn öllu ofbeldi, án nokkurar mismununar eins og til dæmis á grundvelli fötlunar. Segir enn fremur í athugasemdinni að aðildarríkjum beri skylda til að ávarpa sérstaklega mismunun gegn viðkvæmum eða jaðarsettum hópum barna og grípa til virkra aðgerða til að tryggja að þau börn njóti verndar á sambærilegan hátt og öll önnur börn.

Íslenska ríkið skilar reglulega skýrslum til barnaréttarnefndarinnar um framkvæmd barnasáttmálans og í kjölfar síðustu skýrslu frá árinu 2011 beindi barnaréttarnefndin tilmælum til íslenska ríkisins um nauðsynlegar aðgerðir til þess að stuðla að áframhaldandi innleiðingu barnasáttmálans. Meðal þess sem nefndin taldi íslenska ríkið þurfa að vinna að, er að tryggja vernd barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi og að tillit verði tekið til sjónarmiða barna fyrir dómstólum, þ.m.t. barna með fötlun.

Sjónarmið og reynsla fatlaðra barna

Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og ber að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Við mótnun stefnu og töku ákvarðana sem varða börn ber því ávallt að leita eftir og taka tillit til sjónarmiða þeirra barna sem um ræðir hverju sinni.

Árið 2019 setti umboðsmaður barna á laggirnar sérfræðihóp fatlaðra barna með það að markmiði að skapa rými og tækifæri fyrir fötluð börn og unglunga til að koma með ábendingar og tillögur til úrbóta byggðar á eigin reynslu og skoðunum. Sérfræðihópurinn lagði m. a. áherslu á ofbeldi gegn fötluðum börnum. Í skýrslu með niðurstöðum sérfræðihópsins er á það bent, að liður í því að uppræta ofbeldi gegn fötluðum börnum, sé að ráðast gegn fötlunarfordómum í samfélaginu.

Þá töldu þátttakendur í sérfræðihópnum að gerendur ofbeldis notfæri sér oft aðstöðumun og skerðingar þolenda og að lögregluþyriföld og dómstólar þurfi að taka af meiri alvöru á ofbeldi gegn fötluðum börnum. Þátttakendur í hópnum voru enn fremur sammála um að algengt sé að frásagnir fatlaðra barna af ofbeldi sem þau hafa verið beitt séu dregnar í efa eða að lítið sé gert úr reynslu þeirra en einhverjir úr hópnum höfðu persónulega reynslu af því. Töldu þátttakendur ástæðuna vera þá að fullorðið fólk, sér í lagi ófatlað fullorðið fólk, væri í afneitun gagnvart

þeirri staðreynd að fötluð börn séu beitt ofbeldi í miklu mæli og að lífsseigar staðalmyndir og vanþekking á stöðu fatlaðra einstaklinga í samfélaginu hefðu þar sömuleiðis áhrif.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 en markmið samningsins er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra.

Í 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er m.a. fjallað um réttindi fatlaðra barna. Þar kemur fram að aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við önnur börn. Þá er jafnframt kveðið á um að í öllum aðgerðum sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu. Í 13. gr. samningsins er kveðið á um aðgang fatlaðs fólks að dómstólum og réttarvörslukerfinu og segir þar að aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang til jafns við aðra en til þess að tryggja þann aðgang þarf að tryggja viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir þá sem starfa á sviði réttarvörslu.

Í 16. gr. samningsins er kveðið á um skyldu aðildarríkja til þess að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnáslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns ofbeldi. Þá kveður 17. gr. samningsins á um rétt allra fatlaðra einstaklinga, þ.m.t. fatlaðra barna, til virðingar fyrir líkamlegri og andlegri friðhelgi þeirra.

Birting persónuupplýsinga í dómum þar sem fjallað er um fötluð börn

Á síðustu misserum hefur farið fram mikilvæg umræða um það hvernig birtingu dóma sem varða börn er háttað og hafa nýjar reglur Dómstólasýslunnar á því sviði haft mikil og jákvæð áhrif. Fram hefur komið að dómur þar sem börn eru þolendur t.d. í kynferðisbrotamálum gangi oft nærri friðhelgi barna með nákvæmum atvikaýsingu og tilvísunum í það sem fram hefur komið í viðtölum vegna ofbeldisins við sérfræðinga þar sem þeim hefur verið heitið trúnaði.

Þá eru ákveðin álitæfni á þessu sviði sem varða fötluð börn sérstaklega. Þar má sem dæmi nefna dóma í skaðabótamálum þar sem foreldrar fatlaðra barna byggja t.d. á því að fötlun barns sé til komin vegna mistaka eða vanrækslu við veitingu heilbrigðisþjónustu. Í slíkum dómum er iðulega að finna ítarlegar upplýsingar um fötlun, líðan, sjúkdómsgreiningar og hegðun viðkomandi barns. Þá er í dómum af því tagi oft að finna upplýsingar um takmarkanir á félagsfærni viðkomandi, skerðingu á vitsmunabroska og mælikvarða á því sviði eins og greindarvísitölu. Þá er einnig oft að finna í slíkum dómum niðurstöðu um að viðkomandi barn eigi takmarkaða möguleika á því að lifa sjálfstæðu lífi sem fullorðinn einstaklingur, en ljóst er að öll fötluð börn geta lifað sjálfstæðu lífi sem fullorðnir einstaklingar, fái þau til þess þann stuðning sem þau þurfa og eiga rétt á. Afar þungbært getur verið fyrir fatlaðan einstakling að lesa dóma á opnum vef þar sem ítarlega er fjallað um og áhersla lögð á þær skerðingar og takmarkanir sem viðkomandi er að kljást við. Þá ber sérstaklega til þess að líta að þó svo að um

nafnleynd sé að ræða er vandkvæðum bundið að tryggja persónuvernd sem og friðhelgi einkalífs einstaklinga, þar sem í mörgum tilvikum er eingöngu um örfáa einstaklinga að ræða sem eru með tiltekna fötlun eða sjúkdóm. Það gerir að verkum að þeir sem þekkja til, eða vilja þekkja til, geta án teljandi erfiðleika, komist að því hvaða barn um ræðir hverju sinni. Þá ber þess einnig að geta að á heimasíðum dómstóla má enn finna eldri dóma, sem kveðnir voru upp fyrir gildistöku nýrra reglna um birtingu dóma, þar sem finna má viðkvæmar persónuupplýsingar og nöfn fatlaðra einstaklinga sem voru börn á þeim tíma. Undirrituð vilja því hvetja Dómstólasýsluna til þess að taka birtingar dóma í málum af þeim toga til sérstakrar skoðunar og jafnframt hvetja dómstóla til þess að gæta hófs í framsetningu og birtingu ítarlegra og viðkvæmra upplýsinga um fötluð börn í dómum.

Alþjóðlegar meginreglur og leiðbeiningar um aðgengi fatlaðs fólks að réttarkerfinu


Nýlega gáfu Sameinuðu þjóðirnar út leiðbeiningar um aðgengi fatlaðs fólks að réttarkerfinu en þar eru tilgreindar meginreglur um hvernig aðildarríki samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks geta tryggt aðgang fatlaðs fólks að dómskerfinu, án mismununar og til jafns við aðra, eins og kveðið er á um í samningnum. Meginregla númer átta kveður á um rétt fatlaðra einstaklinga, þ.m.t. fatlaðra barna, til þess að fá úr því skorið fyrir dómi, hvort brotið hafi verið gegn lögvörðum réttindum þeirra og skyldu aðildarríkja um að tryggja að til staðar sé raunhæft úrræði fyrir fatlað fólk til að leita réttar síns. Þá kveður 10. meginreglan á um skyldu aðildarríkja til þess að stuðla að fræðslu og vitundarvakningu meðal starfsfólks stofnana ríkisins sem annast réttarvörslu, með sérstakri áherslu á aðgengi fatlaðs fólks að réttarkerfinu.

Með vísan til alls framangreinds hvetja undirrituð dómsmálaráðuneytið og Dómstólasýsluna til þess að tryggja að löggæsluaðilar, dómamarar og aðrir þeir sem koma að rannsóknum og meðferð mála sem varða ofbeldi gegn fötluðum börnum, búi yfir nauðsynlegri þekkingu á réttindum fatlaðra barna sem og eðli, tíðni og áhrifum ofbeldis gegn þeim. Þá lýsa undirrituð sig jafnframt reiðubúin til frekara samtals og samstarfs um það verkefni.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna



Bryndís Snæbjörnsdóttir,
formaður Þroskahjálpar



Embla Guðrúnar Ágústsdóttir,
talskona Tabú